



Fögur framtíð í Fljótsdal

Ársskýrsla 2021

Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal
asdishelga@fljotsdalur.is // 470 3810 // 899 6172



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL



AUSTURBRÚ

Inngangur

Samfélagsverkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal hófst í árslok 2019 og er skilgreint sem þriggja ára verkefni. Það hefur það megin markmið að efla og styrkja samfélagið í Fljótsdal með virkri þátttöku og samtali einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Yfir verkefninu er samfélagsnefnd sem er þannig skipuð: Þórhallur Jóhannsson formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnar Gunnarsson og Signý Ormarsdóttir. Nefndin fundaði sjö sinnum á árinu, þar af tvisvar með sveitarstjórn. Samfélagsþing eru haldin árlega þar sem einstaklingar sem lifa og starfa í Fljótsdal koma saman og móta áhersluverkefni næsta árs á eftir. Samkomutakmarkanir vegna Covid-19 komu í veg fyrir að fólk gæti komið saman og því var brugðið á það ráð að halda það með rafrænum hætti. Hér verður farið yfir stöðu verkefna Fagrar framtíðar í Fljótsdal á árinu 2021.

Stefnumótun og skipulag

Samfélagsþing var haldið rafrænt í október 2020 vegna Covid-19 takmarkana. Staða verkefna var kynnt og gerð könnun á því hvaða áherslur fólk vildi leggja á í framhaldi. Út frá niðurstöðunni var mótuð áhersla í verkefnum fyrir 2021. Samþykkt var að vinna áfram með fjögur meginmarkmið og yfirflokka:

- Skapandi og samheldinn mannauður
- Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda
- Góð búsetuskilyrði og öflugir innviðir
- Einstök náttúra og saga

Undir þessum flokkum eru fjölmörg og metnaðarfull verkefni. Sum fá framgang á meðan önnur verða munaðarlaus en geta komið aftur inn síðar. Hér má sjá stöðu verkefna sem fengu framgang á árinu. Tekið skal fram að þetta ár var einstakt hvað varðar áhrif samkomutakmarkana sem gerðu það að verkum að mörgum viðburðum var frestað og aðrir felldir niður. Einnig höfðu þessi höft áhrif á póstsendingar, afhendingar hráefna og vara í tengslum við ýmis verkefni.



Mynd: ÁHBj

Stjórn Samfélagsnefndar og Samfélagssjóðsins á fundi með aðilum frá Austurbrú.



Mynd: ÁHBj

Frá kynnisferð á Borgarfjörð eystri.

Skapandi og samheldinn mannauður

Efla samveru tengda handavinnu – miðlun og varðveislu þekkingar	10 kvöldstundir
Ramma inn afnotaskilmála fyrir Végarð og koma á framfæri <ul style="list-style-type: none"> Kynnisferð til Borgarfjarðar eystri – Breytingar á Fjarðaborg Skráning og innkaup áhalda í eldhús og sorpflokkunartunnur 	Aðgengilegt á vef Lokið Lokið
Fimmtudagar í Fljótsdal – fræðsla og samvera <ul style="list-style-type: none"> Nýsköpun í sauðfjárrækt m/Ann-Marie og Guðríði Baldvinsdóttur Citta Slow m/Grétu Mjöll Samúelsdóttur Ygg Carbon m/Kolbeini Hilmarssyni Molta með ánum m/Rögnu Davíðsdóttur og Guðmundi Aðalsteinssyni. Garðyrkjuspjall m/Ásdísi Helgu Bjarnadóttur Útkall – Öryggis og viðbragðsmál í Fljótsdal m/Bsv. Hérað Kynningarfundur Lánasviðs Byggðastofnunar Kynning á fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 10 kvöldgöngur frá júní til ágúst með heimamönnum Sótt um styrk til Heilsusamlegs samfélags 	Boðið fram Lokið – samþ.
Hádegisverður vikulega í Végarði frá 30. sept. og annað hvert mánudagskvöld	Boðið fram
Boðið verði upp á námskeið er tengist handverki, heilsurækt og til atvinnusköpunar. <ul style="list-style-type: none"> Námskeiðið Beint frá býli Kjötið Sápugerð og jurttalitur Úrbeining Vöruþróun og gæðamat m/Sunnevu Hafsteinsdóttur Moltun í stærri skala með ornum 	Boðið fram af Hallormsstaða-skóla og verkefnastjóra
Dagur umhverfisins 25. apríl – Umhverfisdagur, o.fl. <ul style="list-style-type: none"> Hvatning til hreinsunar á degi umhverfisins Fræðslukynningar um CittaSlow, Ygg Carbon Forkönnun og rýni til undirbúnings umhverfis- og loftslagsstefnu Aðstoð við umsóknaskrif í „Margar hendur vinna létt verk“ til Landvirkjunar 	Námsverkefni Sylvíu Helgadóttur í viðburðastjórnun Mörg verkefni fóru af stað.

Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda

Skoðaðir möguleikar á því að efla búnaðarfélagið og finna leið til að varðveita og nýta tæki félagsins betur.	Ný stjórn Í skoðun
Aukin verðmætasköpun í búfjárrækt með áherslu á sauðfjárrækt <ul style="list-style-type: none"> Sauðamjólkuris – Ann-Marie Schlutz Fræðslunámskeið í úrbeiningu – Hallormsstaðaskóli 	Í sölu Lokið
Aukin verðmætasköpun í skógrækt <ul style="list-style-type: none"> Alíslensk baðtunna – Skógarafurðir – Bjarki Jónsson Vandaðir húsmunir úr íslenskum við (viðskiptaáætlun/vörupróun) – Bara snilld Framleiðsluáhöld úr skógarafurðum og stólar – Aðalbjörg Ósk Guðmundsdóttir Sérsmíði: Viðarkyndari í tengslum við baðtunnu. GJ Smíði - Guðni Jónsson 	Í sölu Á lokastigi Á lokastigi Á lokastigi
Aukin fjölbreytni í ræktun, nýtingu og vinnslu afurða af villtum og ræktuðum jurtum <ul style="list-style-type: none"> Fljótsdalsbragðið – Ann-Marie Tilraunaræktun á burnirót Gróðurhús og ræktun – Anna Jóna Árnarsdóttir 	Á lokastigi Í vinnslu Í vinnslu

Myndir: ÁHBj



Sauðamjólkuris frá Sauðagulli og íslensk baðtunna frá Skógarafurðum.



Góð búsetuskilyrði og öflugir innviðir

Byggðakjarni í Fljótsdal <ul style="list-style-type: none"> Staðarval ákveðið, unnið að samningi og breytingum á skipulagi 	Í vinnslu
Heimasíðan Fljótsdalur.is <ul style="list-style-type: none"> Rýna síðu, gera tillögu að endurbótum Uppfæra síðuna og aðlaga – PES ehf 360° myndatökur Hafþór Snjólfrur 	Áfanga lokið Í vinnslu Í vinnslu
Innviðagreining Fljótsdalshrepps	Á lokastigi
Ganga frá samningum v/leik-, grunn- og tónlistarskóla	Lokið
Yfirfara útvarps og sjónvarpssendingar (Tengi og Vodafone)	Lokið
Umhverfis- og loftslagsstefna Fljótsdalshrepps	Á lokastigi
Valþjófsstaðakirkja <ul style="list-style-type: none"> Greina viðhaldspörf og kostnaðargreina 	Lokið
Fjallaskálar – gera upp og lagfæra <ul style="list-style-type: none"> Fjallaskarð (gamli skálinn og hesthúsið) Hrakströnd 	Langt komið Lokið
Stafræn húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps	Lokið

Endurgerð húsa í Fjallaskarði.



Myndir: ÁHBj

Hótelbygging að rísa við Óbyggðasetur.



Einstök náttúra og saga

<p>Bæta við affreyningu og áningarstöðum til að njóta í dalnum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kortlagning í gangi í gegnum opið innskráningarskjal • Vetraruppbygging ferðarþjónustu. Gönguskiðaferðir Óbyggðaseturs. • Fjallahjólaleiðir. Skrá, merkja og markaðssetja. Hel ehf • Hengifoss Food Truck. Ann Marie Schlutz • Tíu kvöldgöngur með leiðsögn heimamanna. 	<p>Þróað áfram Í vinnslu Áfanga lokið Áfanga lokið Áfanga lokið Áfanga lokið</p>
<p>Skrá náttúruperlu og merkja og bæta göngu-, hjóla- og reiðleiðir</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kortlagning í gangi í gegnum opið innskráningarskjal • Áhugahópur um gönguleiðir á Facebook • Reiðleið frá Droplaugarstöðum að Hengifossárgili 	<p>Þróað áfram Í vinnslu Áfanga lokið Áfanga lokið</p>
<p>Menningar- og fornminjaskráning</p> <ul style="list-style-type: none"> • Jarðir Skriðuklausturs 	<p>Í vinnslu</p>
<p>Örnefnaskráning</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skráningum framhaldið 	<p>Langt komið</p>
<p>Merkja og bæta aðkomu að sögustöðum</p> <ul style="list-style-type: none"> • Melarétt - Eyrnmerkja dilka • Söguhringur Valþjófsstaða <ul style="list-style-type: none"> • Sækja um styrk í Brunabót • Ganga frá sögusviði og afhjúpa 	<p>Lokið Lokið Lokið - Samp. Lokið</p>
<p>Hengifoss. Bæta aðkomu, göngustíga, brýr, uppl. og þjónustuhús</p> <ul style="list-style-type: none"> • Styrkumsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða • Lagfæring á stíg og uppsetning göngubrúa • Ganga frá samningum við landeiganda • Ganga frá samningum við Vegargerðina • Bygging þjónustumiðstöðvar 	<p>Lokið - Samp. Áfanga lokið Lokið Lokið Útboðslýsing</p>
<p>Strútsfoss. Bæta aðkomu og göngustíga</p> <ul style="list-style-type: none"> • Styrkumsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 	<p>Lokið - Samp.</p>

Við opnun á Hengifoss Food Truck.

Myndir: ÁHBj



Ný skilti við dilka í Melarétt.



Samantekt vegna nokkurra verkefna

Hengifossvæðið

Í júní varð grjóthrun í innsta hluta gilsins við Hengifoss. Hrunið skemmdi umtalsvert timburstíginn sem var byggður upp fyrir ári og endapallinn í gilinu. Ingimar Jóhannsson o.fl. unnu að lagfæringum en gilið var um tíma lokað fyrir allri umferð vegna hættu á frekara hruni. Engum varð meint af og mátti það teljast ótrúleg heppni miðað við umferðina inn gilið yfir há daginn. Eitt útkall eftir björgunarsveit kom um sumarið þegar aðili lenti í sjálfheldu í gilinu. Fór betur en á horfðist.

Þann 2. nóvember 2021 var gengið frá lóðaleigusamningi milli Fljótsdalshrepps og landeigenda á Melum vegna uppbyggingar þjónustumiðstöðvar og bílastæðis fyrir ferðamenn á Hengifossvæðið. Samningurinn tekur einnig til umferðarréttar innan þess deiliskipulagssvæðis er gildir um Hengifoss. Fjármögnun til þessarar uppbyggingar og stíga kemur að hluta frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Skóflustunga var svo tekin 18. nóvember en fyrir liggur vinningstillaga að þjónustumiðstöð eftir Eirik Rönning Andersen siv.ark.MNAL og Sigríði Önnu Eggertsdóttur arkitekt FAÍ. Unnið var að jarðvegsskiptum af Sveini Ingimarssyni o/co og samhliða unnið að því að koma fyrir göngubrú yfir Hengifossá neðan til í gilinu. Fyrir liggur samþykkt til þess að koma upp göngubrú ofarlega í gilinu. Í lok árs auglýsti hreppurinn eftir tilboðum í byggingu þjónustuhússins við Hengifoss en hreppurinn mun annars leggja til forsteyptar einingar og botnplötu grunnsins.

Tölvuteikning af verðandi þjónustuhúsi við Hengifoss



Mynd: Eirik R.A.

Byggðakjarni

Áfram var unnið að málum er tengjast uppbyggingu byggðarkjarna í Fljótsdal, þó ýmislegt hafi tafið þá uppbyggingu og varðar staðfestingu á eignarhaldi Hjarðarbóls. Á fundi byggingar- og skipulagsnefndar Fljótsdalshrepps þann 24.09.2021 var samþykkt að kynna sameiginlega skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og nýs deiliskipulags fyrir væntanlega íbúðarbyggð í landi Hjarðarbóls. Staðfesti sveitarstjórn þá bókun á fundi sínum nr. 66, þann 5.10.2021. Unnin var skipulagslýsing sem má skoða á heimasíðu sveitarfélagsins www.fljotsdalur.is.

Valbjófsstaðir – Söguhringur, o.fl.

Ánægjulegur viðburður átti sér stað á Valbjófsstað 15. ágúst í einstakri veðurbliðu þegar afhjúpað var sögu svið Valbjófsstaða rétt utan við kirkjuna. Áhugaverð erindi flutt og rómað ketilkaffi og kleinur í boði sóknarnefndar á eftir.

Það var Hjörleifur Guttormsson sem átti frumkvæðið að verkefninu og safnaði saman fróðleik og ljósmyndum. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri hjá Kirkjugarðaráði hannaði svæðið og fylgdi eftir framkvæmdum. Birgir Axelsson hjá Brústeini hlóð upp sviðið. Verkefnið er að megin hluta fjármagnað af Fljótsdalshreppi og Kirkjugarðasjóði auk styrks frá Brunabót.

Sr. Ólöf Margrét Snorradóttir sóknarprestur á Valbjófsstað kvaddi söfnuð sinn sunnudagskvöldið 17. október 2021, en hún tók við embætti á Akranesi. Safnaðarnefnd og Jón Ólafur Sigurðsson organisti færðu henni góðar gjafir.

Við opnun á Söguhringnum við Valbjófsstaðakirkju. T.v. Birgir Axelsson og t.h. Hjörleifur Guttormsson.



Mynd: ÁHBj

Viðarkynding við Végarð

Á Samfélagsþingum hefur verið lögð áhersla á að Fljótsdælingar nýti skynsamlega eigin auðlindir og leggi áherslu á sjálfbærni með Heimsmarkmið SP að leiðarljósi. Nokkrir hafa tekið upp viðarkyndingu til húshitunar og nýtt þá grisjunarvið eigin ræktunar eða frá söluaðilum. Nú hefur viðarkynding einnig verið tekin upp við Végarð - stjórnsýsluhússins og félagsheimilisins.

Í tilefni af því komu Sigurður Ingi Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs og Ragnar Ásmundsson verkefnastjóri Orkusjóðs og orkuverkefna í heimsókn í mars til að líta á viðarkyndinguna við Végarð. Orkusjóður veitti fjárhagslegan stuðning til að koma kyndingunni upp. Kyndingin er komin í gagnid og er nú húsnæðið kynt upp með skógarafurðum.

Störf án staðsetningar og tilraunaeldhús

Á vormánuðum var bætt aðstaða í Végarði fyrir störf án staðsetningar. Borðum komið fyrir á efri hæð og því miðlað út að hægt væri að fá þar aðstöðu. Töluverður hópur einstaklinga hafa nýtt sér aðstöðuna, s.s. nemar, brottfluttir sem geta unnið fjarvinnu og lengt dvöl sína í Fljótsdal sem og verkefnaráðnir einstaklingar hjá Fljótsdalshrepp. Aðstaðan er nú skráð á yfirlitskorti Byggðastofnunar yfir húsnaði fyrir störf án staðsetningar:

<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/storf-an-stadsetningar>

Dagrún Drótt í tilraunaeldhúsi Végarðs.

Myndir: ÁHBj



Bætt starfsaðstaða í Végarði fyrir störf án staðsetningar.



Framkvæmdir voru á árinu þar sem unnið var að því að koma í veg fyrir vatnsleka. Gólfíð var því að hluta tekið í gegn.

Eldhúsið í Végarði hefur áfram verið nýtt í tilfallandi tilraunaverkefni. Á þessu ári fyrst og fremst af Dagrúnu Drótt Valgarðsdóttur sem vinnur að þróun verkefnisins, Könglar, sem hefur það að megin markmiði að nýta með sjálfbærum hætti íslenskar villijurtir í gerð einstakra drykkja og lystaukandi afurða.

Verkefnastjóri skipulagði kynnisferð fyrir sveitarstjórn, samfélagsnefnd, skipulags- og byggingarnefnd ásamt húsnefnd á Borgarfjörð eystri síðla vors. Meginmarkmiðið var að skoða Hafnarhúsið, nýju leiguhúsnaðin, fyrirhugaðar breytingar á Fjarðarborg og fræðast um Betri Borgarfjörð og nýsköpunartengd verkefni. Virkilega fróðleg og góð ferð.

Verknám og umhverfis dagar Fljótssdals

Í lok janúar gerði Hólaskóli – Háskólinn á Hólum samning við Austurbrú um að Ásdís Helga Bjarnadóttir tæki að sér að vera leiðbeinandi með verknámsnema í tengslum við Viðburðastjórnunarnám skólans. Neminn, Sylvía Helgadoóttir (Gíslasonar), fékk að kynna sér verkefnadrifna séreignastofnun en jafnframt koma að verkefnum í tengslum við Fagra framtíð í Fljótssdal. Átti það ekki síst við í tengslum við lokaverkefni sem vinna þarf frá A-Ö. Við upphaf verknámsins var stefnt á að skipuleggja viðburði með Svavari Knúti, s.s. kvöldvöku, halda námskeið fyrir börn sem hefðu áhuga á kvæðum og/eða lagasmíðum og fleira skemmtilegt. Samkomutakmarkanir komu algjörlega í veg fyrir allt slíkt. Því þurfti að breyta áherslum. Kom hún að því að skipuleggja rýni á umhverfis- og loftslagsstefnu sveitarfélagsins sem þá var í vinnslu og í framhaldi að skipuleggja Umhverfis daga Fljótssdals.

Umhverfis dagar voru haldnir í Fljótssdal 12.-23. apríl. Eftirfarandi dagskrá var í boði:

- 12. apríl - Cittaslow kynning. Gréta Mjöll Samúelsdóttir á Djúpavogi kynnti Hæglætishreyfinguna Cittaslow. Djúpvogur hefur verið hluti af hreyfingunni síðan 2013. Cittaslow hreyfingin hefur það markmið að auka lífsgæði og ánægju fólks og eru stefnumið Cittaslow til að ná því markmiði til dæmis verndun náttúru og menningarminja, fegrun umhverfis, umhverfisgæði og stuðla að menningarlegri fjölbreytni og sérstöðu.
- 17.-18. apríl - Njótum umhverfisins. Íbúar voru hvattir til að njóta umhverfisins til dæmis með góðum göngutúr og deila myndum af fallettu umhverfi Fljótssdals með til dæmis #fljotsdalur á Instagram eða inn á Facebook síður Fljótssdælinga. Á Instagram má finna ótrúlega skemmtilegar myndir úr sveitarfélaginu frá heimamönnum og gestum. Íbúar voru einnig hvattir til að tilkynna það sem betur mætti fara á vefinn <https://urbotaganga.is/baejarfelag/fljotsdalur/> eða hafa samband við Ásdísi Helgu.
- 21. apríl - Yggdrasill Carbon. Kolbeinn Ísak Hilmarsson kynnti þróun og fjármögnun verkefna sem leiða af sér vottaðar kolefniseiningar ekki hvað síst úr skógum, ásamt sölu slíkra eininga og grænna fjárfestinga. Fyrirtækið hefur verið í góðu samstarfi/samtali við til dæmis Skógræktina og Kolefnisbrúna.
- 20.- 21. apríl - Plokkum Fljótssdal. Íbúar voru hvattir til að hreinsa nærumhverfi sitt og losa sig við rusl. Eins og sagt var; höldum við því góða orðspori sem fylgir dalnum. #plokkumfljotsdal.
- 19.-24. apríl – Rýnihópar. Umhverfis- og loftslagsstefna var rýnd af fulltrúum sveitarstjórnar og íbúa.

Allir fyrirlestrarnir fór fram í gegnum fjarfundarkerfið Zoom vegna samkomutakmarkana. Þátttaka var almennt nokkuð góð.

Örnefnaskráning

Í upphafi árs samdi Fljótsdalshreppur við Helgu Eyjólfsdóttur frá Melum til að aðstoða einstaklinga við örnefnaskráningar í sveitarfélaginu og afla upplýsinga um bújarðir sbr. Samfélagsþing og Fögur framtíð í Fljótsdal (FFF). Áhugasamir aðilar fengu fyrirliggjandi gögn og kort af sínum jörðum til að vinna með frá Landmælingum. Í framhaldi gátu þeir leitað til Helgu sem hafði aðstöðu í Végarði og skráð örnefni í gagnagrunninn. Þessi vinna gekk til að byrja með mjög vel, þar til Helga þurfti frá að hverfa.

Þann 25. mars var svo haldið námskeið í að skrá örnefni í Végarði. Leiðbeinendur komu frá Landmælingum Íslands, þær Bjarney Guðbjörnsdóttir og Þórey D. Þórðardóttir. Samkomutakmarkanir spiluðu ögn inn í hvað varðar fjöldann sem mátti sækja námskeiðið en það slapp til. Þrír Fljótsdælingar sóttu námskeiðið, aðrir komu af Héraði og Fellum. Í byrjun júní samdi Fljótsdalshreppur svo við Kristínu Gunnarsdóttur á Ytri Víðivöllum 2 til að halda áfram með þessa vinnu og að aðstoða aðila við að skrá inn í grunninn. Vinnutíminn var sveigjanlegur og nokkuð háður vilja landeigenda til að setjast niður og fá aðstoð við skráningarnar. Búið er að skrá örnefni fyrir 13 jarðir í gagnagrunn Landmælinga.

Frá námskeiði í örnefnaskráningu.



Mynd: ÁHBj

Söggunni gerð skil við Valbjófsstaðakirkju.



Mynd: ÁHBj

Sumargöngur

Kvöldganga að Völusteini í landi Mela.



Mynd: ÁHBj

Á árinu voru skipulagðar 10 kvöldgöngur á starfssvæði Upphéraðsklasans. Fella þurfti niður tvær göngur, annars vegar vegna þess að fararstjórinn lenti óvænt í sóttkví og hins vegar af virðingu við göngukonu er lést í dalnum í sömu viku og kvöldganga átti að fara fram. Göngurnar voru auglýstar á samfélagsmiðlum í gegnum Facebook og yfirlit yfir þær sent á öll heimili og ferðaþjónustuaðila í nágrenni Fljótsdals.

Farið var á eftirfarandi staði:

Dags.	Staður	Fararstjóri
24. júní	Völusteinn í landi Mela	Eyjólfur Yngvason
1. júlí	Hengifoss að utan verðu	Þórhallur Jóhannsson
8. júlí	Bessastaðaárgil	Kristín Amalía Atladóttir
15. júlí	Droplaugarstaðir	Lárus Heiðarsson
22. júlí	Tröllkonustígur	Felld niður
29. júlí	Gjárhjalli	Felld niður
5. ágúst	Hólar á Hallormsstað	Bergrún A. Þorsteinsdóttir
12. ágúst	Vallanes	Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir
19. ágúst	Brekkugerðishús	Urður Gunnarsdóttir
26. ágúst	Fossarnir í Sellæk	Þór Þorfinnsson

Þátttaka í göngunum var ágæt, allt frá 6 og upp í 21. Að meðaltali tóku 12 þátt í göngutúrunum og þar af um 5 sem sóttu nær allar göngurnar. Þakklæti til allra er tóku að sér fararstjórn og gerðu það vel. Þátttakendur hafa einnig verið mjög ánægðir með framtakið.

Framkvæmdir í Fljótsdal

Framkvæmdir á nýja lögbýlinu Höllustöðum.



Mynd: ÁHBj

Árið einkennist af byggingarframkvæmdum þar sem einstaklingar hafa tekið frumkvæðið og ráðist í að byggja sumarhús, íbúðarhús, endurbyggja gömul hús eða viðbyggingar, atvinnuhúsnæði og hótél.

Droplaugarstaðir	Forstofubygging við íbúðarhús
Arnheiðarstaðir	Tekinn grunnur að stálgrindarskemmu
Höllustaðir (nýtt lögbýli)	Íbúðarhús og gestahús
Brekkugerði	Íbúðarhúsið Brekkubær
Brekkugerði	Sumarhúsið Borgarhóll
Litla-Grund	Grunnur að skemmu
Óbyggðasetrið	Hótél með 14 herbergjum
Óbyggðasetrið	Endurbygging á baðhúsi eftir bruna í vor
Glúmsstaðir I	Opin skemma
Þorgerðarstaðir	Endurbygging húsnæðis
Hrafnkelsstaðir	Þriðja frístundahúsið á jörðinni
Hjarðarból	Stöðuleyfi fyrir matarvagn
Laugarfell	Endurbygging aðstöðuhúsnæðis sem varð fyrir lekaskemmdum
Fjallaskarð	Endurgerð gamla skálans
Melar/Hengifoss	Grunnur að þjónustuhúsi
Egilsstaðir	Vinnslurými sauðamjólkur

Framkvæmdum er ekki lokið en miðar almennt vel þrátt fyrir skort á iðnaðarmönnum og seinkun á afhendingu byggingarefna og eininga.



Mynd: ÁHBj

Framkvæmdir hófust við að útbúa reiðstíg um sveitarfélagið. Í þessum fyrsta áfanga sem er frá Hrafnsgerðisá að Hengifossá er Einar Guðsteinsson byrjaður að jafna út leið. Í sumar sem leið vann Sveinn Ingimarsson að því að endurbæta leið inn Suðurdal að norðanverðu og vegurinn inn að Sótavistum var einnig bættur í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð, hvoru tveggja styrkt af Styrkvegasjóði. Sveitarfélagið veitti auk þess byggingarleyfi fyrir brú yfir Blöndu við Geldingafell og tvær brýr yfir Hengifossárgil.

Önnur verkefni er til féllu á tímabilinu

Verkefnastjóri hefur komið að ýmsum verkefnum sem ekki eru talin hér að ofan, s.s.

- Setið í rýnihópi um loftslagsvænni sveitarfélög og skráningu grunngagna er tengjast kolefnisspori reksturs sveitarfélagsins.
- Aðstoðað landeigendur við að sækja um stuðning í gegnum Létt verk hjá Landsvirkjun og umhverfisstyrki.
- Aðstoðað við að ramma inn verkefni, veitt ráðgjöf og komið að yfirlestri umsókna í sjóði.
- Yfirfara reglur um umhverfisstyrki, uppfært skjöl og eyðublöð fyrir sveitarfélagið.
- Séð um að koma öllum fréttum, tilkynningum, fundargerðun og öðrum gögnum á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Unnið stafræna húsnæðisáætlun og innviðagreiningu fyrir sveitarfélagið.
- Komið að álitgerð vegna laga og reglugerða, s.s. hálendisfrumvarpið og frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga).
- Komið að innleiðingu verkefnaráðinna einstaklinga, s.s. vegna örnefnaskráningar.
- Aðstoðað aðila sem vilja koma og halda fundi í Végarði, t.d. opinn fund um öryggis- og viðbragðsmál í Fljótssdal og móttöku fulltrúa Lánadeildra Byggðastofnunar.
- Skipuleggja og koma að kynningu á fimmtudagsmáltíðum í Végarði fyrir íbúa.

Verkefni sem samstarfsfólk innan Austurbrúar hefur komið að með verkefnastjóra, t.d.

- Umbroti og yfirllestri á ársskýrslu 2020 og Innviðagreiningu Fljótsdalshrepps.
- Auglýsingum fyrir Samfélagssjóðinn.
- Skipulagningu ferða blaðamanna og þáttagerðafólks um Fljótsdalinn.
- Bókhaldi og uppgjöri vegna verkefnisins og Samfélagssjóðsins.
- Aðstoða Óbyggðasetrið við gerð umsóknar í erlendan verkefnasjóð.
- Verknámi Sylvíu Helgadóttur nema í viðburðarstjórnun frá Háskólann á Hólum sem byggt var á verkefninu Fögur framtíð í Fljótadal.
- Koma á samtali milli Skógarafurða og Alcoa Fjarðaáls, o.fl.

Við úthlutun styrkja úr Samfélagssjóði.



Samfélagssjóður Fljótsdals

Í stjórn sjóðsins eru Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson og Arna Björg Bjarnadóttir. Verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal, Ásdís Helga Bjarnadóttir, sér um umsýslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins fundaði fjórum sinnum á árinu. Haldinn var opinn kynningarfundur í Végarði 21. janúar þegar opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn. Signý Ormarsdóttir fór yfir úthlutunar- og matsreglur og Ásdís Helga Bjarnadóttir yfir umsóknareyðublaðið og áherslur sjóðsins fyrir 2021. Ann-Marie Schlutz endaði svo fundinn með kynningu á fyrirtæki sínu Sauðagull ehf. og um það hvernig styrkir hefðu haft áhrif á uppbyggingu fyrirtækisins. Fjölmarginir mættu til fundar og sköpuðust góðar umræður. Ársfundur sjóðsins var svo haldinn 29. apríl í Végarði þar sem farið var yfir reikninga og stöðu sjóðsins.

Þetta var annað árið í röð sem úthlutað var úr Samfélagssjóði Fljótsdals. Meginmarkmið hans er að styðja við nýsköpun, menningu og atvinnuskapandi verkefni í Fljótsdal. Umsóknafrestur var til 17. febrúar. Alls bárust 30 umsóknir. Heildarkostnaður verkefna var 75 milljónir kr. og sótt um 35 milljónir kr. Úthlutun fór fram í Óbyggðasetri Íslands þann 18. mars. Stjórn sjóðsins ákvað að veita styrki til alls 18 verkefna að upphæð 12.800.000 kr.

Verkefni er fengu vilyrði um styrk úr Samfélagssjóði Fljótisdals árið 2021

200.000	<p>Stafræn ganga í Gautavík Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem snýst um að safna og miðla þekkingu um landslag fortíðar og menningarminjar með nýjustu tækni. Sótt er um styrkt til að skrásetja hina fornu kaupstaðarleið milli Fljótisdals og Gautavíkur í Berufirði þar sem verslað var við Hansakaupmenn á tíma Skriðuklausturs hins forna.</p>	Gunnarsstofnun – Skúli Björn Gunnarsson
300.000	<p>Fjár sjóðsleit fyrir fjölskylduna Verkefnið snýst um að búa til skemmtilega fjár sjóðsleit fyrir fjölskyldur á nokkrum stöðum á Upphéraði kringum gönguleiðir og sögustaði. Leikirnir verða unnir í leikjakerfi Locatify og tengdir við Leitina að gulli ormsins, stóra leikinn sem búinn var til í fyrra fyrir allt Héraðið, m.a. með styrk úr Samfélagssjóðnum.</p>	Gunnarsstofnun f.h. Upphéraðsklasans
300.000	<p>Skinnaverkun Verkefnið er framhald af viðskiptaáætlun sem unnin var með stuðningi í fyrra, þ.e. að afla viðskiptatengsla og setja af stað vöruþróun, sem er grundvöllur að því að vel takist til með stofnun og rekstur fyrirhugaðrar skinnaverkunnar.</p>	Jósef Valgarð Þorvaldsson
300.000	<p>Framreiðsluáhöld úr íslenskum skógarafurðum Verkefnið er að koma af stað vörulínu sem byggir á afgangsvið úr lerki og hreindýrahornum, s.s. skurðabretti, framreiðslubakka og tertudiska. Hugmyndin í þessum áfanga verkefnisins er að kaupa þann tækjabúnað sem vantar og þróa vörulínu.</p>	Aðalbjörg Ósk Guðmundsdóttir
300.000	<p>Hlutir úr bræddu plasti Verkefnið er tvíþætt, æfing og þjálfun í hönnun og notkun á þrívíddarprentara sem bræðir plast í hluti/líkön. Hannaðir og prentaðir verða að minnsta kosti fimm hlutir úr plasti. Þeir hlutir sem verða hannaðir eru festingar fyrir lagnir í húsum, skinnur til að auka loftun í útveggjum, festingar fyrir pallaefni, plast hattur á girðingarstaur og fleira. Fyrst eru líkön hönnuð og plastefni valið. Þrívíddarprentari prentar hlutina. Hlutirnir verða prófaðir og þróaðir áfram.</p>	Jónas Bragi Hallgrímsson
300.000	<p>Charma úr ull úr Fljótisdal Verkefnið felst í að þróa handverk úr ull frá bændum í Fljótisdal, rannsaka nýtingarmöguleika ullarinnar og finna sögulega tengingu vörunnar við Fljótisdal. Hluti af markaðssetningu handverksins er rekjanleiki ullarinnar, söguleg tenging og varan merkt sem handverk unnið í Fljótisdal. Dæmi um handverk er skrautpúðaver, ofið sjal eða ofinn trefill, handspunnið og jurtalitað garn, bókamerki til heiðurs Gunnari Gunnarssyni, myndvefnaður með fyrirmynd úr náttúru og sögu Fljótisdals og fleira.</p>	Emma Charlotta Ármáen
500.000	<p>Vöruhönnun á buxnasniði fyrir börn með sérþarfir Verkefnið lítur að vöruhönnun á buxnasniði fyrir börn með sérþarfir, vinnu við sníða gerð og graderingu fyrir sníðagrunn í öllum stærðum. Notagildið er mismunandi vegna nálgunar og fötlunar hvers einstaklingsins. Vöruna þarf að aðlaga að hverjum notanda með tilliti til notkunar á bleyju og/eða hjálpertæki. Einnig þarf að hafa í huga snið eftir vaxtarlagi og veikindum. Unnið verður náíð með fimm einstaklingum við þessa vöruþróun. Vara þessi verður aldrei fjöldaframleidd vegna mjög fjölbreytts notendahóps en sníðagrunnur þróaður sem hægt verður að aðlaga auðveldlega.</p>	Saumadraumur slf – Halla Auðunardóttir

Verkefni er fengu vilyrði um styrk úr Samfélagssjóði Fljótsdals árið 2021 (framh.)

500.000	<p>Viðarkynntur hitari fyrir baðtunnu Verkefnið snýst um að fullhanna, þróa og smíða hitara úr ryðfríu stáli til að hita vatn í baðtunnum (viðarpottum) með því að brenna íslenskan arinvið. Endurhönnun felst í því að auka varmanýtinguna með því að stækka þann flöt sem vatnið er í snertingu við meðan á kyndingu stendur án þess að stækka hitarann sjálfan og stytta þannig þann tíma sem tekur að kynda pottinn.</p>	G.J. Smíði ehf. – Guðni Jónsson
600.000	<p>Könglar Þróunarverkefni með það að markmiði að framleiða síróp og drykki með því að nýta íslenskar jurtir með sjálfbærum hætti og leita leiða til að lengja geymsluþol með náttúrulegum hætti. Um er að ræða nýsköpun í matarhandverki með sjálfbærni, hreinleika afurða, matarupplifun og nýtingu á vannýttum íslenskum jurtum sem undirmarkmið.</p>	Dagrún Drótt Valgarðsdóttir og Emma Charlotta Årmänen
600.000	<p>Sauðagull - Markaðssetning Unnið verður markaðssetning og heildarútlit (branding) fyrir Sauðagull til að koma vörum fyrirtækisins á framfæri við neytendur.</p>	Sauðagull – Ann-Marie Schultz
1.300.000	<p>Sauðagull - Vinnslurými. 1. hluti Verkefnið snýst um að koma upp vinnslurými fyrir mjólk, einkum sauðamjólkurvörur. Til þess þarf að kaupa tvo 20 feta húsgáma, flytja á staðinn, tengja við rafmagn, vatn og fráveitu auk þess að innrétta þá til vinnslunnar. Það felur í sér að setja upp vinnsluborð, uppþvottavél, eldunaraðstöðu og önnur nauðsynleg tæki.</p>	Sauðagull – Ann-Marie Schultz
700.000	<p>Náttúruskólinn – útipúkar og -písliir bregða á leik í Fljótsdal. Verkefnið gengur út á að koma á laggirnar Náttúruskóla þar sem boðið verður upp á náttúru- og menningarupplifanir í bland við sjálfsefandi verkefni fyrir skólahópa. Aðstaða og umhverfi Óbyggðaseturs og Laugarfells verða nýtt í þeim tilgangi. Lagt upp með að fanga fjölbreytileika náttúrunnar og árstíðanna með mismunandi náms- og upplifunaráherslum eftir árstíðum, og aldri og þroska þátttakenda.</p>	Umf. Þristur
800.000	<p>Fjallahjólaleiðir Hugmyndin er að nýta gamlar leiðir í Fljótsdal, m.a. kindagötur og gamla slóða, kortleggja og merkja leiðirnar og búa til fjallahjóla „Paradís“. Leiðirnar verða mislangar og miserfiðar og eru því bæði hugsaðar sem fjölskylduvænar og fyrir lengra komna í fjallahjólaspörtinu.</p>	Sólrun Júlía Hjartardóttir
850.000	<p>Vetraruppbygging ferðapjónustu Verkefnið snýst um að auka afþreyingarmöguleika og útbúa segul yfir vetrartímamann á svæðinu. Vöntun hefur verið á þjónustu fyrir ferðamenn og að geta nýtt hálendið og dalinn að vetrarlagi til að laða að ferðamenn. Gönguskíðaiðkunn hefur margfaldast undanfarið og því horft, m.a. til þess að bæta aðstöðu til slíkrar afþreyingar á svæðinu ásamt öðru.</p>	Óbyggðasetrið – Steingrímur Karlsson
1.000.000	<p>Heimasíða Helga Hallgrímssonar Verkefnið lítur að því að koma upp heimasíðu í samstarfi við Helga Hallgrímsson frá Droplaugarstöðum. Síðan yrði helguð efni frá honum og með hans nafni. Helgi á mikið efni til um Fljótsdalinn, sbr. Fljótsdælu og fleira til. Þessu efni verða gerð góð skil á heimasíðunni.</p>	Heiðveig Agnes Helgadóttir

Verkefni er fengu vilyrði um styrk úr Samfélagssjóði Fljótsdals árið 2021 (framh.)

1.700.000	<p>Framleiðslulína fyrir flettingu á trjábolum</p> <p>Verkefni snýst um að koma upp nýrri framleiðslulínu fyrir flettingu á trjábolum hjá Skógarafurðum ehf. Til þess að auka afkastagetu og gæði á grófsagaðri borðaklæðningu sem er ein eftirsóttasta skógarafurðin um þessar mundir. Reynolds af rekstri fyrirtækisins undanfarin ár sýnir að þessi afurð hefur náð hylli íslenskra arkitekta og er notuð í vaxandi mæli við byggingar víða um land.</p>	Skógarafurðir ehf – Bjarki Jónsson
1.700.000	<p>Tilraunar útfærsla á Coanda inntaki fyrir litlar virkjanir</p> <p>Verkefnið felst í því að setja upp Coanda inntak fyrir fyrirhugaða Sturluvirkjun. Coanda inntak er ákveðin útfærsla inntaks vatnsaflsvirkjana sem talið er henta vel þar sem framburður áa og fallhæð er mikil. Auk þess hefur þessi tegund inntaks í för með sér lágmarks stíflugerð og kostnaður og umhverfisáhrif því í lágmarki. Undanfarin ár hafa nokkur inntök af þessari tegund verið gerð á Íslandi en hvergi á Austurlandi. Ljóst er að víða í Fljótsdal eru álitlegir virkjunarkostir sem búa við svipaðar aðstæður og við Sturluvirkjun, framburður og fall er mikið og rennsli undir 100 L/s. Útfærsla inntaksins getur því orðið fyrirmynd annarra ef það tekst vel, sem vonandi hefur í för með sér að fleiri sjá sér hag í að framleiða sitt eigið rafmagn og styrkja þar með búsetuskilyrði í Fljótsdal.</p>	Sveinn Ingimarsson

Fulltrúar allar verkefnanna, nema eins, skrifuðu undir samninga vegna styrkveitingar 2021. Flest verkefni eru farin af stað en Covid-19 hefur bæði spilað inn í framkvæmdir á verkefnum sem fengu styrkúthlutun árið 2020 og 2021. Um helmingur verkefna frá fyrra ári hafa þurft að fresta framkvæmdum ekki síst vegna seinkunar á afhendingu aðfanga og hins vegar vegna fjöldatakmakanna. Þá hafa annir í vinnu eða öðrum verkefnum sem og erfiðleikar að fá starfsfólk/iðnaðarmenn spilað inn í verkáætlanir.

Náttúruskóli og hópefli við Óbyggðasetrið.

Mynd: Steingrímur Karlsson



Styrkveitingar til verkefna

Fljótsdalshreppur, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar uppskáru umtalsvert fjármagn úr samkeppnissjóðum á árinu. Hér eru nefndar úthlutanir úr nokkrum sjóðum, sem dæmi:

- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti veglegan styrk í þjónustuhúsið við Hengifoss (55 milljónir) og uppbyggingu gönguleiðar alls 66,1 milljón og var það stærsta einstaka styrkveiting þess árs.
- Framkvæmdasjóðurinn veitti einnig styrk að upphæð 1.566.000 kr. til merkingar gönguleiðar og lagfæringar áningarstaðar við Strútsfoss.
- Lóa – nýsköpunarsjóður landsbyggðarinnar veitti Skógarafurðum ehf. 6 milljónir í tæknisögunarmyllu fyrir íslenskar skógarafurðir og Hallormsstaðaskóla, einum samstarfsaðila FFF 4 milljónir í Tilraunaeldhús, uppbyggingu og þjónustu.
- Uppbyggingasjóður Austurlands veitti styrk í eftirfarandi verkefni á svæðinu:
 - Sauðgull ehf. fékk 3 milljónir í þróun á sauðamjólkurís og 1.1 milljón í markaðssetningu Sauðagulls.
 - Hallormsstaðaskóla 4 milljónir í tilraunaeldhúsið.
 - Gunnarsstofnun fékk milljón í verkefnið Ævintýri og matarmenning á Upphéraði, 500.000 í Rithöfundalest um Austurland og sömu upphæð í verkefnið Flakkað um fornar slóðir.
 - Óbyggðasetrið fékk milljón í uppbyggingu Náttúruskólans.
- Brunabót veitti 500 þús. í uppbyggingu Söguhringsins við Valþjófsstaðakirkju og 200 þús. styrkur í heilsutengd verkefni frá Lýðheilsusjóði auk fleiri styrkja.

Kynningar, fréttir og miðlun

Verkefnastjóri hefur miðlað áhugaverðum viðfangsefnum til fjölmiðla auk þess sem fleiri hafa látið vita af sér eða fengið umfjallanir. Neðan greindur listi gefur ákveðið yfirlit en er alls ekki tæmandi.

Fljótsdalshreppur

https://austurfrett.is/frettir/utsvaridh-i-lagmarki-hja-fljotsdalshreppi-en-tekjurnar-vaxa-samt?fbclid=IwAR2JFBEXmAdg_KXVpbE2guzn-TEBEPHvuFBKyutN3rj2ukL3kOVQRXpIAs
<https://austurfrett.is/frettir/tekjur-austfirdhinga-2021-fljotsdalshreppur>
<https://www.austurfrett.is/frettir/haest-hlutfall-erlendra-ibua-i-fljotsdal>
<https://www.austurfrett.is/frettir/fljotsdalshreppur-alfaridh-a-moti-sameiningu>
<https://www.bbl.is/frettir/mikilvaegt-ad-radast-i-endurbaetur-a-versta-vegarkaflanum>
<https://www.austurfrett.is/frettir/fimmtungur-fljotsdaelinga-erlendir-borgarar>
<https://www.austurfrett.is/frettir/mikil-uppsveifla-skyrir-tap-a-naesta-ari-hja-fljotsdalshreppi>
<https://www.austurfrett.is/frettir/um-90-af-fljotsdalshreppi-a-leidh-undir-thjodhgardh>
https://n4.is/spilari/b_w8x4cNeww
https://austurbru.is/umhverfisdagur-sylvia/?fbclid=IwAR1KL4Ge7v4RAIm8gmMctBF4LIXasBPUMDp2if7UBrNU8BYIsDdlnP_W29g
<https://www.youtube.com/watch?v=XmNJaINwBZ4> Youtube - Amazing flight up the glacial river Jökulsá í Fljótsdal
<https://www.youtube.com/watch?v=XWoAGqVVigA> Uppskrift af góðum degi. Fljótsdalur, Laugarfell, Snæfell, Kárahnjúkar, Hafrahvammagljúfur, Hrafnkeldalur og Jökuldalur.

Végarður

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/03/29/vidarkynding_tekin_upp_i_felagsheimili_og_fleiri_hu/

Skriðuklaustur og Klausturkaffi

<https://n4.is/spilari/RlznTC8WID4>
<https://www.austurfrett.is/lifid/oskarsvaka-a-skridhuklaustri>
<https://n4.is/frett/klausturkaffi>
<https://www.youtube.com/watch?v=KUYhFcxERkA>

Valþjófsstaðakirkja

<https://n4.is/frett/soegusvid-valthjofsstadar-opnad>
Opnun sögusviðs á Valþjófsstað – Austurglugginn 31. tbl. 20. árg 2021.

Fjallahjólaleiðir

<https://n4.is/frett/fjallahjolaleidir>
Bændablaðið, 12. ágúst 2021: Fjallahjólaleiðir í Fljótsdal garðar aðgengilegar: Fjöldi fólks sýnt verkefninu áhuga. 15. tbl. 27. árg nr 592.
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822/7grr7m> Hel – Fjallahjólaleiðir á 57:30 mín

Óbyggðasetrið

<https://www.dailymail.co.uk/femail/article-9139117/Ben-Fogle-visits-Hollywood-filmmaker-turned-farmer-took-derelict-farm-Iceland.html#v-8305163054596799459>
<https://www.youtube.com/watch?v=HQkHleK9ECM>

Skógarafurðir

<https://n4.is/frett/skogarafurdir>
<https://www.youtube.com/watch?v=HylyDHGrNi4>
<https://www.youtube.com/watch?v=PL9lv-rfR4s>
<https://www.austurfrett.is/frettir/bjarki-segir-frabaert-adh-hafa-fengidh-lou-styrk>
<https://www.austurfrett.is/frettir/fjoegur-verkefni-a-austurlandi-fengu-lou-styrki>

Sauðagull

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/06/27/selur_saudamjolkuris_vid_hengifoss/?fbclid=IwAR0I5yCaLwli stg7o3hZ6dmYPtjqsZ3K8iWLV6pQO9_DQHhV21PNvPwlMbA
<https://www.austurfrett.is/frettir/selur-is-ur-saudhamjolk-vidh-hengifoss>
<https://www.bbl.is/folk/lif-og-starf/godar-vidtokur-og-anaegja-med-framtakid>
<https://www.vb.is/frettir/og-konfekt-ur-saudamjolk/170044/?fbclid=IwAR3SXBIWkwFZEU1ByCyVu2niGObnk JMUmUd3buhNDo3bh0nWq6ITGxpCifs>

Hengifoss - útivist

<https://www.austurfrett.is/frettir/samkomulag-um-nyja-glaesilega-thjonustumidhstoedh-vidh-hengifoss>
<https://austurbru.is/glaesileg-verkefni/>
<https://www.austurfrett.is/frettir/madhur-i-sjalfheldu-vidh-hengifoss>
<https://www.austurfrett.is/frettir/grjotrur-lokar-goenguleidhinni-vidh-hengifoss>
<https://www.austurfrett.is/frettir/buidh-adh-opna-goenguleidhina-adh-hengifossi>
<https://www.austurfrett.is/frettir/hengifoss-naerri-thornadhur-upp>
<https://www.austurfrett.is/frettir/banaslys-i-fljotsdal>
Innovative Project Planned by Hengifoss Waterfall - Iceland Monitor (mbl.is)

Strútsfoss ofl.

https://www.mbl.is/ferdalog/frettir/2021/01/31/buinn_ad_gera_ferdaplan_fyrir_sumarid/?fbclid=IwAR1KL4G e7v4RAIm8gmMCtBF4LIXasBPUMDp2if7UBrNU8BYIsDdlnP_W29g

Samfélagssjóðurinn og Uppbyggingasjóður

<https://austurbru.is/samfelagssjodur-fljotsdals-styrkir-18-verkefni/>
<https://www.austurfrett.is/frettir/samfelagssjodhur-fljotsdals-styrkir-18-verkefni>
<https://www.bbl.is/folk/lif-og-starf/atjan-verkefni-fa-styrki-ur-samfelagssjodi-fljotsdals>

Leikfélagið

https://n4.is/spilari/AcJq_2hkDY0

Upplýsingum um uppákomur og mannamót hefur auk þess verið deilt til ákveðins markhóps innan dalsins en Upphéraðsklasinn hefur einnig verið mjög virkur í að miðla upplýsingum til félagsmanna er varðar ferðapjónustuna.

Matarmót var sem dæmi haldið 1. október í Hótel Valaskjálfi sem Matarauður Austurlands stóð að innan Austurbrúar. Fjöldi matvælaframleiðenda kynntu vörur sínar fyrir veitingaaðilum, fulltrúum stóreldhúsa og gestum. Auk þess voru fluttar örkyrningar og fræðsla í hliðarsal. Sauðagull ehf kynnti sínar afurðir á Matarmótinu en fleiri Fljótsdælingar sóttu viðburðinn. Um svipað leiti var haldið Hackapön Austurlands með áherslu á matvæli og ráðstefnan Nordic Food in Tourism, færri tóku þátt í þeim viðburðum.



Fulltrúar Sauðagulls á Matarmótinu í Valaskjálfi.

Lokaorð

Þessi samantekt gefur nokkra mynd af því sem átt hefur sér stað í Fljótsdal á árinu 2021. Verkefni eru fjölmörg og það áhugaverða er að allir hafa lagst á eitt við að byggja upp og bæta sitt nærsamfélag með einum og öðrum hætti. Samfélagsþing þeirra sem lifa og starfa í Fljótsdal mótar stefnuna en samtakamáttur allra drífur hlutina áfram í rétta átt. Til staðar er stuðningsnet, þar sem Fljótsdalshreppur, Fögur framtíð í Fljótsdal, Austurbrú og fleiri aðilar eru til staðar til að veita ráð, fjármagn, styrki og fleira er til þarf við uppbyggingu og þróun verkefna og samfélagsins í átt að framtíðarsýn Fljótsdælinga.